

Elisabet Gunnarsdóttir skrifar um myndlist:

Hvað gerist á haustsýningu?


Þó að menn hafi jafnan verið misjafnlega ánægðir með haustsýningar Félags íslenzkra myndlistarmanna, vekur það alltaf nokkra eftirvæntingu þegar hún er opnuð á ný. Nú er aftur komin haustsýning eftir tveggja ára húsnæðisleysi og eftirvæntingin því e.t.v. meiri en endranær.

Í ár hefur sýningin á sér nokkuð annan svip en síðustu haustsýningar, einkum vegna þess að nú hafa 19 nýir menn bætt í hópinn. Hitt vekur líka athygli að margir þeir myndlistarmenn sem á undanförunum árum hafa borið þessa sýningu uppi eru nú annaðhvort ekki með eða eiga þarna aðeins eitt eða tvö verk.

Aðalbreytingin frá síðustu sýningu virðist mér vera sú, að breiddin hefur aukizt. Meira ber nú á figúratívum verkum og abstraktstjón kaldastríðsáranna hefur víkið úr öndvegi. Menn á borð við Kristján Davíðsson, Svavar Guðnason og Valtý Pétursson eiga þarna aðeins eitt verk hver, og reyndar hef ég aldrei séð jafn sviplítið framlag frá Svavari. Bragi Asgeirsson, Jóhannes Jóhannesson o.fl. eru alls ekki með, og marga aðra vantar úr þessum hópi

Borgaralegt meinleysi

Fólk gerir almennt ráð fyrir því, að þessi sýning veiti yfirlit yfir það sem er að gerast í íslenskri myndlist á hverjum tíma. En það er ekki aðeins að þessa sýningu vanti marga af eldri og þekktari myndlistarmönnum landsins, heldur eru nýliðarnir aðeins angí af þeim hópi sem fram hefur komið á undanförunum árum. Þarna er þó ekki hörgull á ungu fólki, því af 55 sýnendum eru a.m.k. 16 þrjátíu ára og yngri, en margt af því unga (og eldra) fólki, sem mikið hefur borið á undanfarin ár, á þarna ekkert verk. Með þessum



Frá haustsýningunni

hópi á ég náttúrulega ekki eingöngu við SUM, heldur einnig fólk eins og Einar Hákonarson, Gunnar Örn, Hring Jóhannesson, Þorbjörgu Höskuldsdóttur, og marga fleiri.

Í rauninni virðist mér sem þessi haustsýning sé rökrétt framhald þeirrar síðustu, þó að yfirbragðið sé nokkuð breytt. Fyrir utan marga ágæta einstaklinga vantar á þessa allsherjarsýningu vaxtarbroddinn í íslenskri myndlist í dag. Heildarsvipur hennar (ef hægt er að tala um heildarsvip á svona samsýningum) er þægilegur, áferðarfallægur, háborgaralegur og sauðmeiðlaus. Þarna er fátt sem komið getur fólki úr sínu hversdagslega jafnvægi. Einkum þykir mér þó lágt risið á framlagi myndhöggvaranna. Af því mætti draga þá ályktun að skulptúr hefði dagað uppi hér á landi fyrir óralöngu eins og hvert annað náttfróll.

Eftirtektarverðustu verkin fundust mér kolteikningar Haraldar Guðbergssonar. Þær eru einkennilega kyngimagnaðar í einfaldleika sínum. Myndvefn-

aður Asgerðar Búadóttur er fagaður og glæsilegur eins og hennar er vandí. Af yngra fólkinu fannst mér Sævar Danielsson gefa hvað mest fyrirheit. Nokkur skólabragur er á myndum hans, en iðandi rörin eða pípurar hafa á sér dularfullan og ógnvekjandi blæ.

Fleiri verk eru þarna sem vert væri að minnast á, en upptalningar stóða lítið, og betra að hver sjái fyrir sig.

Skrýtnir timar

Því miður er nú þessari sýningu alveg að ljúka, og ekki víst að þessi skrif birtist fyrr en eftir þann tíma. Sýningartími hér í bænum er annars heill kapituli út af fyrir sig og er t.d. furdulegt að sýning sem þessi skuli ekki standa nema í níu daga. Samsýningar eru yfirleitt tormeltari en aðrar sýningar. Hvert verkið keppist við annað um athyglina, auk þess sem sameiginlegan grunntón skortir yfirleitt. Slíkar sýningar eru líka oftast miklar að vöxtum eins og t.d. þessi, þar sem 117 verk eru sýnd.

EKKI er undarlegt þó FÍM hafi ekki efni á að hafa þessa sýningu opna í mánuð, eins og þó væri æskilegt. Salurinn kostar 8 þús. krónur á dag, og FÍM hefur ekki, frekar en önnur álíka félög, neitt rekstrarfé. Þess vegna finnst mér það í hæsta máta andmenningarleg stefna sem borgarstjórn hefur tekið upp í rekstri þessa húss. Það virðist ætlunin að sýningar þar standi fjárhagslega undir sér eða skili jafnvel arði.

Í því sambandi skiptir engu máli þótt byggingarkostnaður hússins hafi verið svo og svo margar milljónir. Þetta glæsilega hús er alls ekki sýningarsalur fyrir félitla listamenn sem ekki hafa tryggt sér fastan markað. Og hvað á að gera við þær sýningar sem alls ekki er hægt að selja eins og umhverfisverk, og þess háttar?

Í reglugerð hússins stendur m.a.: „að í húsi þessu verði aðstaða til listsýninga innlendra og erlendra manna og samtaka og hvers konar kynninga á lista- og menningarstarfsemi, sem eðli-

legt þykir, að þar fari fram“. Mér er nær að halda að það sem þarna er kallað „eðlileg“ starfsemi, sé í rauninni mjög svo óeðlilegt menningarbrask, og að vinda verði bráðan bug að því að stóruka tapið á rekstri hússins, svo að Reykvikingum gefist kostur á að verða „lista- og menningarstarfsemi“ aðnjótandi.

Minningarsýning

Af öðrum sýningum sem í gangi eru í bænum um þessar mundir, þykir mér ástæða til að benda á minningarsýningu Jóns B. Jónssonar, sem senn fer að ljúka í Asmundarsal. Jón B. Jónsson lést á síðastliðnu ári, en hann var einn af stofnendum Myndlistarskólans, átti sæti í sýningarnefnd Utisýningarinnar á Skólavörðuholti og var yfirleitt mjög ötull í félagsmálum myndlistarmanna.

Jón fékkst bæði við skulptúr og málverk og vann auk þess í fleiri efni, og þó þessi sýning sé ekki stór, er hún mjög smekklega saman sett og veitir góða yfirsýn yfir starfsferil Jóns

EFTIRMÁL FRÁ CHILE

Andlátsfregn Pablos Neruda skálds frá Chile kom eins og eftirmáli við fregnirnar af valdaráni herforingja þar í landi og fall Allendes forseta. Í sama mund var sagt frá nýjustu viðburðum í baráttu hersins að frelsa landsmenn undan oki marxisma, eins og þeir segja: bókaránum á heimilum manna og bókabrennum úti á götum og forgum til viðbótar við fjöldahandtökur, misþyrmingar og aftökur án dóms og laga. Kannast nokkur við taktana?

Í fréttunum voru ýmis fróðleg dæmi nefnd um bækur og höfundar sem voru á bál borin í þessari sérkennilegu frelsisbaráttu. En ekki fylgdi það sögunni hvort nóbelsfræðin hlífði ljóðmælum Nerudas. Kannski má það einu gilda: sjálfur hafði hann víst reynt það áður að vera forboðinn og hundeltur í heimalandi sínu. Saga Pablos Neruda var samslungin pólitískri sögu

föðurlands hans og rómönsku Ameríku allrar um hálfra aldar skeið og skáldskapur hans verður víst seint metinn réttilega nema í því sambengi. Það kom heim við þetta að nóbelsverðlaun Nerudas, formleg viðurkenning umheimsins á stöðu hans sem þjóðskálds álfunnar, komu í framhaldi af kosningasigri Salvador Allendes og alþýðufylkingarinnar í Chile ári fyrr.

Tvær kenningar

Með forsetadæmi Allendes var tilraun hafin sem fylgt var með af vakandi áhuga víða um lönd, einnig af fólki sem ellegar hafði hvorki sérstakan áhuga né þekkingu á málefnum Suður-Ameríku. Brátt voru tvær kenningar á lofti, og gengu báðar út á bráð endalok lýðræðispróunar í Chile. Önnur var sú að þótt marxisti hefði komið til valda með lýðræðislegu móti mundi hann aldrei láta þau af hendi aftur með friðsamlegum hætti, en koma á flokks-einræði við fyrstu hentugleika. En hin kenningin var að borgarastéttin í landinu og bandamenn hennar utanlands mundu aldrei þola

þjóðkjörnum forseta að koma á sósíalisma í landinu og steypa honum fyrr af stóli ef önnur úrræði dygðu ekki til.

Menn gera það væntanlega upp við sig af fréttunum, hver eftir sínum pólitíska smekk, hvor kenningin hafi að síðustu sannast í Chile. Það var alltend ljóst að Allende átti frá öndverðu við völduga andstæðinga að etja, innanlands og utan, og engin hlífsemi í þeim viðskiptum. Og það hefur alla tíð verið glögg að þessar tvær meginhugmyndir um framvindu mála í Chile hafa hvor um sig lítað mestallan fréttatflutning þaðan, skilning og skýringu atburðanna — og nú síðast, en ekki sízt, eftirmáli forsetans og stjórna hans. En kenningar duga skammt einar til skýringar: þær verða að koma heim við staðreyndir fréttanna.

Það er ekkert nýtt að heims-tíðindi verði að pólitísku hráskinni hér í fásinninu — og hafa bæði Morgunblaðið og Þjóðviljinn orðið til marks um það eftir valdaránið í Chile. En einkennilegust hafa eftirmál atburðanna í Chile að svo komnu orðið í útvarpsráði — af öllum stöðum. Það er engu líkara en þeir

ætli að leiða af sér í óendanlega smækkaðri mynd einhvers konar hjaðningavíg innanhúss í útvarpinu.

Ráðstjórn og ritstjórn

Nú má það liggja milli hluta hvort að einhverju leyti hafi gætt „hlutsamra fullyrðinga“ um atburðina í Chile í útvarpi: ætli annað eins hafi þá ekki áður og síðan komið fyrir? Hitt er meira mál að núverandi „fréttaspegl“ útvarpsins ber langt af öðrum þáttum um erlend málefni sem þar voru áður tilkæðir, bæði um efnisföng og alla málsmeðferð. Og fréttir verða varla sagðar, hvað þá skýrðar, svo að vit sé í, án þess að þær taki lit af skoðun og skilningi þeirra sem um þær fjalla: hlutleysi útvarps felst í fjölbreytni fréttanna, jafnvægi skoðana og sjónarmiða sem þar koma fram, ýtarlegri umræðu tíðindanna, í þessu efni hefur útvarpið að undanförunni verið á framfarabraut, ekki sízt í tíð núverandi útvarpsráðs. Það er hins vegar varla á verksviði ráðsins að annast beina ritstjórn fréttanna eða annars útvarpsnefns — hvað þá að blanda



DAGBÓK

Eftir

Ólaf Jónsson

sér í fréttatflutninginn eftir á með örökstuddum fundarsamþykktum sem jafnharðan eru birtar í blöðum. Hafi mistök orðið verða þau víst áreiðanlega betur lagfærð með öðru móti. Ætla mætti að hinn núverandi frjálslyndi meirihluti útvarpsráðs væri skilningsbetri á þetta mál svo mikilsvert sem það er fyrir raunverulegt sjálfstæði útvarpsins, en flestir fyrirrennarar þess. Viti pólitískra afskipta af útvarpsnefni eru sannarlega orðin nógu mörg til að menn geti lært að varast þau. Hvernig stóð þá á uppbotinu út af fréttunum frá Chile? Þeir sem hófu það í útvarpsráði ættu að leiða hugann að því hvar íhlutun þeirra á fréttatflutninginn vekur mestan fögnuð þessa dagana.